

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 76. fundur.

að Hlíðavegi 6, 16. maí 2006, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Landgræðslan, Stefán Skaptason og Sigurlína Tryggvadóttir mæta á fundinn.
3. Ársreikningur fyrri umræða, Arnar Árnason endurskoðandi mætir á fundinn.
4. Sala á hlutafé.
5. Fundargerð bygginganefndar frá 26. apríl.
6. Erindi frá sýslumanni þar sem óskað er endurnýjunar á leyfi til reksturs gistingar á einkaheimili til handa Ásdísi Illugadóttur.
7. Svar KSÍ vegna sparkvallarátaks.
8. Framlagning kjörskrár vegna sveitarstjórnarkosninga 2006.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. **Fundarsetning.**  
Oddviti setti fund.
2. **Landgræðslan, Stefán Skaptason og Sigurlína Tryggvadóttir mæta á fundinn.**  
Rætt vítt og breitt um verkefni Landgræslunnar. Stefán og Sigurlína fóru yfir hvaða væri framumdan á komandi sumri m.a. girðingaframkvæmdir og áburðargjöf en gert er ráð fyrir að um 180 tonn af áburði verði borin á afrétti Mývetninga.
3. **Ársreikningur fyrri umræða, Arnar Árnason endurskoðandi mætir á fundinn.**

Arnar Árnason endurskoðandi fór yfir reikninginn og svaraði spurningum sem til hans var beint.

Að loknum umræðum var reikningnum vísað til annarar umræðu.

**4. Sala á hlutafé.**

Borist hefur tilboð frá Birni Þverdal í hlutafé Skútustaðahrepps í Mýflugi. Sveitarstjórn er jákvæð fyrir sölu á hlutafénu og samþykkir að kanna hvert verðmæti hlutarins er.

**5. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. apríl.**

Eftirfarandi liðir eiga við um Skútustaðahrepp: Liður 2, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir garðskála við Hótel Reynihlíð, 3, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir bjálkahús í landi Voga 1, 4, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús í landi Stangar, 11, þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um vínveitingaleyfi, 12, þar sem óskað er eftir að breyta þaki á bílskúr við Skútahraun 20, 14, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir gistiskála í landi Stangar og 15, þar sem óskað er eftir framlengingu á stöðuleyfi fyrir gistiskála og þjónustuhús vegna Vogar ferðaþjónusta, samþykkir byggingarnefnd. Byggingarnefnd frestar afgreiðslu á lið 5, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir bjálkahús í landi Geiteyjarstrandar 1.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu byggingarnefndar.

**6. Erindi frá sýslumanni þar sem óskað er endurnýjunar á leyfi til reksturs gistingar á einkaheimili til handa Ásdísi Illugadóttur.**

Borist hefur bréf dags. 26. apríl sl. frá sýslumanninum á Húsavík þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjun leyfis til handa Ásdísi Illugadóttur til gistirekstrar á einkaheimili.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leiti ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

**7. Svar KSÍ vegna sparkvallarátaks.**

Borist hefur jákvætt svar frá KSÍ vegna umsóknar Skútustaðahrepps um sparkvöll. Vegna þess hversu seint svarið barst og að það mun fylgja nokkur kostnaður fyrir sveitarfélagið að taka þátt í átakinu er samþykkt að fresta málinu og láta það í hendur nýrrar sveitarstjórnar að taka ákvörðun um framhaldið.

**8. Framlagning kjörskrár vegna sveitarstjórnarkosninga 2006.**

Kjörskrá liggur nú frammi almenningi til sýnis. Á kjörskrá eru 306, 148 konur og 158 karlar. Berist ekki athugasemdir við kjörskrána eins og hún liggur fyrir felur sveitarstjórn sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörnefnd.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.